

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Hafnarfirði, [DAGS] maí 2018

Efni: Kjörgengi og forföll bæjarfulltrúa og framkvæmd fundar bæjarstjórnar Hafnarfjarðarkaupstaðar

Vísað er í bréf samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins til Hafnarfjarðarkaupstaðar, dags. 20. apríl sl. Í bréfinu er vísað í erindi frá lögmanni Borghildar Sölveyjar Sturludóttur og Péturs Óskarssonar, varamanna í bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar, þar sem óskað var eftir því að ráðuneytið tæki til umfjöllunar nánar tilgreind atriði er varða meðal annars kjörgengi og forföll bæjarfulltrúa og framkvæmd fundar bæjarstjórnar sem haldinn var þann 11. apríl sl. Í bréfinu óskar ráðuneytið eftir umsögn bæjarstjórnar um ofangreind erindi en einnig er í bréfinu sérstaklega óskað eftir upplýsingum um nánar tiltekin atriði sem í bréfi ráðuneytisins eru sett fram í þremur tölusettum liðum.

1. Umsögn bæjarstjórnar Hafnarfjarðar um erindi lögmanns Borghildar og Péturs til ráðuneytisins dags. 11. og 12. apríl sl.

Það er rétt sem fram kemur í erindi lögmannsins, dags. 11. apríl sl., að á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þann 14. mars sl. var tekin fyrir tilkynning frá bæjarfulltrúa Guðlaugu Svölu Steinunnar Kristjánsdóttur þar sem hún tilkynnti um fjarveru frá störfum um óákveðinn tíma vegna veikinda (fskj. 1). Á fundinum var eftirfarandi bókað, sbr. fskj. 2:

„Varamaður Guðlaugar, Borghildur Sölvey Sturludóttir, tekur sæti í bæjarstjórn frá og með deginum í dag og þann tíma sem forföll standa yfir, sbr. 3. mgr. 31. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og telst aðalmaður í bæjarstjórn þann tíma.“

Um lausn bæjarfulltrúa frá störfum er fjallað í 30. gr. sveitastjórnarlaga nr. 138/2011 en í 2. mgr. greinarinnar kemur fram að telji sveitarstjórnarmaður sig ekki geta gegnt skyldum í sveitarstjórn án óhæfilegs álags, svo sem vegna veikinda eða annarrar vinnu, geti sveitarstjórn létt af honum störfum eða veitt honum lausn úr sveitarstjórn um tiltekinn fyrir fram ákveðinn tíma eða til loka kjörtímabils.



Skilyrði fyrir því að ofangreindu ákvæði verði beitt, samkvæmt orðalagi ákvæðisins, eru meðal annars þau að bæjarfulltrúi þarf með skýrum hætti að óska slíkrar lausnar, bæjarstjórn þarf að taka afstöðu til hennar með formlegum hætti og lausnin þarf að vera afmörkuð annaðhvort við tiltekinn fyrirfram ákveðinn tíma eða til loka kjörtímabils. Umrædd skilyrði voru ekki uppfyllt þegar Guðlaug Svala tilkynnti bæjarstjórn um ótímabundin forföll á fundi bæjarstjórnar þann 14. mars sl. Verður því að telja að bæjarstjórn hafi borið að taka fyrir, á næsta fundi sínum, með formlegum hætti beiðni bæjarfulltrúans um lausn frá störfum skv. 2. mgr. 30. gr. sveitastjórnarlaga. Til þess kom hins vegar ekki þar sem Guðlaug Svala mætti á fund bæjarstjórnar þann 11. apríl sl. Í erindi lögmannsins er vísað sérstaklega til 2. og 3. mgr. 31. gr. sveitastjórnarlaga enda vísað til síðarnefnda ákvæðisins í bókun bæjarstjórnar, sbr. hér að framan. Í þessu sambandi þarf að hafa í huga að í 31. gr. er fjallað um innköllun varamanna þegar aðalmaður í sveitarstjórn forfallast. Verður því að telja að lögleg forföll þurfi að liggja fyrir áður en ákvörðun um innköllun varamanna taki gildi.

Varðandi þann hluta af erindi lögmannsins sem snýr að kjörgengi bæjarfulltrúa þá var mál nr. 1804122 – *Bæjarstjórn, bæjarfulltrúar, kjörgengi* tekið til umræðu á fundi forsetanefndar Hafnarfjarðarkaupstaðar þann 9. apríl sl. Engin bókun var gerð (fskj. 3). Að öðru leyti hefur mál vegna kjörgengis bæjarfulltrúa ekki verið tekið fyrir með formlegum hætti á vegum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar.

Hvað varðar það sem fram kemur í erindi lögmannsins til ráðuneytisins frá 12. apríl sl. skal tekið fram að verklag við breytingar á fulltrúum í skipulags- og byggingarráði og hafnarstjórnar á fundi bæjarstjórnar þann 11. apríl sl. var ekki með öðrum hætti en venja hefur verið fyrir þegar slíkar breytingar hafa verið samþykktar í bæjarstjórn. Þannig hefur ekki verið getið um slíkar breytingar í auglýstri dagskrá fundarinnar að öðru leyti en að málið *Ráð og nefndir* hefur verið í dagskrá fundarinnar, án þess að nöfn þeirra fulltrúa sem um ræðir hverju sinni séu þar sérstaklega tilgreind.

Í erindi lögmannsins er því einnig haldið fram að forseti bæjarstjórnar hafi brotið gegn meginreglu 16. gr. sveitastjórnarlaga um opna fundi bæjarstjórnar þegar hún tók ákvörðun um að gert yrði fundarhlé á umræddum fundi. Í þessu sambandi skal tekið fram að forseta er heimilt að gera hlé á fundum bæjarstjórnar við tilteknar aðstæður, sbr. b. lið 1. liðar 15. gr. samþykktar um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar. Eftir fundarhlé var á ný kveikt á streymi af fundinum í gegnum vefinn og var fundurinn opinn öllum eins og lög og reglur gera ráð fyrir. Það er rétt sem haldið er fram í erindi lögmannsins að í fundarhléi óskaði forseti eftir því að salurinn yrði rýmdur af gestum á meðan á hléinu stóð.

Að lokum er í erindi lögmannsins frá 12. apríl sl. því haldið fram að afgreiðsla á tillögu um breytingum á fulltrúum í skipulags- og byggingarráði og hafnarstjórn hafi verið í andstöðu við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Í þessu sambandi skal tekið fram að samkvæmt 2. mgr. 49. gr. sveitastjórnarlaga getur sveitarstjórn hvenær sem er á kjörtímabili ákveðið



að skipta um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sem hún kýs eða skipar ef ekki er um það ágreiningur innan sveitarstjórnar. Á fundinum voru tillögur um breytingar á fulltrúum í skipulags- og byggingarráði og hafnarstjórn samþykktar með 7 atkvæðum og 4 bæjarfulltrúar sátu hjá við atkvæðagreiðsluna og bókuðu eftirfarandi: „*Fulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna sitja hjá og óska bókað. Við treystum okkur ekki til að taka afstöðu til tillögunnar eins og hún er lögð fram.*“

Að öðru leyti um erindi lögmannsins vísast til svara bæjarstjórnar við beiðni ráðuneytisins um upplýsingar um nánar tilgreind atriði, sjá kafla II hér að aftan.

II. Svör bæjarstjórnar við beiðni ráðuneytisins um upplýsingar um tiltekin atriði

Eftirfarandi svör eru sett fram í sömu röð og spurningar eru bornar upp í bréfi ráðuneytisins.

1. Guðlaug tilkynnti bæjarstjóra með tölvupósti 13. mars 2018 kl. 15:00 fjarveru sína frá störfum um óákveðinn tíma vegna veikinda. Rétt fyrir upphaf fundarins staðfesti bæjarstjóri aðspurður við 1. varaforseta munnlega að Guðlaug hefði sent læknisvottorð. Tölvupóstur Guðlaugar til bæjarstjóra var ekki lagður fram í bæjarstjórn en tillaga að afgreiðslu var lesin upp á bæjarstjórnarfundum þann 14. mars 2018 um ótímabundin forföll hennar.

Þann 9. apríl 2018 ræða bæjarstjóri og sviðsstjóri stjórnssýslusviðs við Guðlaugu og upplýsa hana um að hún þurfi að óska eftir lausn úr bæjarstjórn til fyrirfram ákveðins tíma svo bæjarstjórn geti fjallað um beiðnina og afgreitt. Guðlaug tilkynnir þá bæjarstjóra og sviðsstjóra að hún sé komin aftur til starfa og muni sitja bæjarráðsfund þann dag sem hefjist kl. 17:00 sem og næsta bæjarstjórnarfund þann 11. apríl n.k. Með hliðsjón af því var ekki aðhafst frekar í málinu. Tilkynning Guðlaugar var gerð munnlega og því ekki til afrit af henni.

2. Fulltrúar í forsetanefnd óskuðu eftir því að á fundi forsetanefndar bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þann 9. apríl sl. yrði kjörgengi bæjarfulltrúa tekið til umræðu og var mál nr. 1804122 – *Bæjarstjórn, bæjarfulltrúar, kjörgengi* í kjölfarið sett á dagskrá fundarins. Málið var tekið til umræðu á fundi nefndarinnar en engin bókun var gerð. Að öðru leyti hefur meintur missir Einars Birkis Einarssonar á kjörgengi í bæjarstjórn Hafnarfjarðar hvorki komið til úrskurðar né annarrar umfjöllunar í bæjarstjórn eða annars staðar í stjórnkerfi sveitarfélagsins.

3. Umrædd spurning ráðuneytisins varðar málefni og samskipti þeirra Guðlaugar Svölu og Einars Birkis Einarssonar við varabæjarfulltrúa Bjartrar framtíðar þau Borghildar Sölveyju Sturludóttur og Péturs Óskarssonar. Í því ljósi var við gerð þessa svars óskað eftir umsögn frá Guðlaugu Svölu um spurningu ráðuneytisins og eðli málsins samkvæmt er skriflegt svar hennar sett hér fram sem svar við spurningu ráðuneytisins. Svar Guðlaugar Svölu, dags. 7. Maí sl. er svohljóðandi:



HAFNARFJÖRÐUR

„Aðdraganda mannabreytinga í skipulags- og byggingaráði og hafnarstjórn þann 11. apríl 2018 má rekja til langvarandi og djúpstæðra samstarfsörðugleika og trúnaðarbrests innan fulltrúahóps BF og þar með meirihluta bæjarstjórnar.

Um langa hríð höfðu samskipti umræddra fulltrúa við oddvita verið afar stopul og stirð. Þess sér meðal annars stað í bókun fulltrúa BF á fundi skipulags- og byggingaráðs þann 6. mars, þar sem lýst er óánægju með störf bæjarráðs og embættismanna bæjarins í máli er varðar hús við Austurgötu sem skemmst hafði af völdum myglu og óværu. Þessa bókun las oddviti um í blöðum en var ekki upplýst um hana fyrirfram.

Oddviti hafði einnig fengið ítrekuð erindi frá bæjarbúum þess efnis að fulltrúar BF í skipulags- og bygginganefnd neituðu að ræða við þá um erindi fyrir ráðinu, á þeim grunni að slík samtöl samræmdist ekki stefnu flokksins í bænum. Engin slík stefna liggur fyrir og tók oddviti því við þessum samskiptum þegar eftir var leitað.

Hér hafa verið nefnd nokkur áþreifanleg dæmi um ágreining um vinnubrögð og erfið samskipti, sem urðu loks tilefni til útskiptingar í ráði og hafnarstjórn til að freista þess að skapa vinnufrið og endurheimta skilvirkni.“

Er þess vænst að ofangreindar upplýsingar ásamt fylgiskjölum varpi skýrara ljósi á málið.

Virðingarfyllst,

f.h. bæjarstjórnar Hafnarfjarðar

[NAFN]

Fylgiskjöl:

1. Erindi Guðlaugar Svölu Steinunnar Kristjánsdóttur, dags. 13. mars 2018, ásamt afriti af læknisvottorði.
2. Fundargerð af fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þann 14. mars 2018.
3. Fundargerð af fundi forsetanefndar þann 9. apríl 2018.
4. Fundargerð af fundi bæjarstjórnar þann 11. apríl 2018.
5. Upptökur af fundum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar má nálgast á slóðinni: <https://livestream.com/accounts/5108236/events/2361147>